

Skipulagsstofnun
b.t. Egils Þórarinssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2023
UST202305-020/R.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - Skólpdælustöð í Elliðaavogi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strands og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

Framkvæmdarlýsing

Veitur ohf (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) hyggjast reisa dælustöð fyrir skólpu við Elliðaárvog vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar íbúðarhverfis við Elliðaárvog og á Ártúnshöfða. Nýju dælustöðinni er ætlað að leysa af hólmi núverandi dælustöð sem er staðsett á Sævarhöfða, en núverandi stöð mun ekki anna fyrirhugaðri byggð og verður hún því tekin úr notkun.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslunni er fjallað um staðsetningu og umhverfi framkvæmdarinnar og hvernig reynt verður að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja með hönnun sem fellur inn í landslagið. Engar náttúruminjar eða verndarsvæði eru á sjálfu framkvæmdarsvæðinu en í nálægð við það er eitt friðlýst svæði, Háubakkar og þrjú svæði á náttúruminjasrá, leirurnar í Grafarvogi á B-hluta, og Elliðaárdalurinn og Gufuneshöfði á C-hluta. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á þessi svæði.

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um dýralíf, gróður og vistgerðir á staðnum, möguleg áhrif framkvæmdanna á þau og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir. Umhverfisstofnun hefur engar athugasemdir við þær áðgerðir en finnst mikilvægt að þeim verði fylgt eins og kostur er. Neyðarútrás frá stöðinni er færð og mun áfram liggja út í Elliðaárvog-Grafarvog, vatnshlot nr. 104-1303-C, sem er strandsjór. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirtækinu ber að fylgja ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand.

Ástand vatnshlotsins hefur ekki verið vistfræðilega flokkað vegna skorts á gögnum en teknar hafa verið fjórar forgangsefnaþælingar sem dugar ekki til, til að staðfesta efnafræðilegt ástand.

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.10 er texti í lok kaflans um að skólpið verði hreinsað í samræmi við ákvæði rgl. um fráveitur og skólpi en eins og fram kemur í skýrslunni er ekki um hreinsun á skólpi að ræða heldur bara dælingu á því í hreinsistöð.

Bent er á að ekkert er fjallað um loftslagsbreytingar og áhrif aukinnar úrkomu og úrkomuákefðar sem líkur eru á að geti haft verulega neikvæð áhrif á fráveitukerfin. Þess má geta að í tillögu að nýrri skólptilskipun frá Evrópusambandinu eru tillögur um bætt eftirlit með losun á óhreinsuðu yfirborðsvatni og að draga eigi úr slíkri losun eftir fremsta megni. Á skipulagsstigi fyrir nýja skólpdælustöð er því mikilvægt að gert verði ráð fyrir að geta stækkað við dælustöðina verði þörf á því síðar með auknu álagi vegna úrkomu.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur skýrsluna nákvæma og góða og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst þar. Stofnunin er sammála mati skýrsluhöfunda um að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg og telur því að hún sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur